

REGLUGERÐ

um

innheimtu afnotagjalds fyrir útlarp.

1. gr.

Gjaldldagi afnotagjalds útlarps, sem samkvæmt 4. gr. reglugerðar um skipulag og rekstur útlarps, 22. nóvember 1930 er ákveðinn 1. júlí skal vera 1. apríl.

2. gr.

Í Reykjavík annast skrifstofa útlarpsins innheimtu afnotagjaldsins. Utan Reykjavíkur skal pósthúsum og póstaígreiðslum landsins falið að veita móttöku afnotagjaldi útlarpsnotenda til útlarpsins, notendum að kostnaðarlausu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð þessari.

3. gr.

Fyrir 15. janúar ár hvert sendir skrifstofa útlarpsins pósthúsum og póstaígreiðslumönnum eyðublöð fyrir bráðabirgðakvittunum til útlarpsnotenda fyrir afnotagjaldinu. Eyðublað þetta skal vera skipt í tvo reiti tölumerkta I. og II. Á eyðublaðið skal prenta upphæð gjaldsins og gjaldárið, ásamt nokkrum leiðbeiningum um innheimtuna.

4. gr.

Útlarpsnotandi, sem óskar að greiða afnotagjald sitt til pósthúss eða póstaígreiðslu, fær afhent gegn greiðslunni eyðublaðshluta nr. II., með áritaðri kvittun pósthússins eða póstaígreiðslunnar.

5. gr.

Pósthús og póstaígreiðslur, sem veita viðtöku afnotagjöldum útlarpsnotenda, skulu, samkvæmt 3. gr., kvitta á eyðublaðshluta nr. II. og afhenda hann gjaldanda. Eyðublaðshluta nr. I. heldur pósthús eða póstaígreiðsla eftir í eigin skjalasafni.

Pósthús og póstaígreiðslur senda við lok hvers mánaðar til póststjórnarinnar í Reykjavík skrá í tveim eintökum yfir gjaldendur, þar sem tilgreint sé nafn og heimilisfang. Póststjórnin greiðir síðan mánaðarlega til útlarpsins innheimtar upphæðir samkvæmt innheimtuskrá pósthúsanna, að fráðreginni innheimtubókun, er ákveðst 15 aurar fyrir hvern gjaldanda. Greiðslunni fylgi eintak af innheimtuskrá pósthúsanna.

6. gr.

Jafnaskjótt og skrifstofa útlarpsins tekur við innheimtum afnotagjöldum, ásamt skrá pósthúss eða póstaígreiðslu yfir gjaldendur, sendir það hverjum útlarpsnotanda aðalkvittun fyrir gjaldinu. Á aðalkvittun standi:

1. Nafn og heimilisfang gjaldanda.
2. Upphæð gjaldsins og gjaldár.
3. Reglur um hagnýtingu og almenn not útvarpsins.
4. Aðrar helztu leiðbeiningar fyrir útvarpsnotendur.

98

14. marz

7. gr.

Sýslumönnum og bæjarfógetum landsins er falið að innheimta á manntalsþingum afnotagjald útvarpsnotenda í lögsagnarumdæmi þeirra, samkvæmt ákvæðum þeim, er hér fara á eftir.

8. gr.

Fyrir 1. maí ár hvert sendir skrifstofa útvarpsins sýslumönnum og bæjarfógetum skrá yfir gjaldendur í lögsagnarumdæmi þeirra í tveimur eintökum, ásamt eyðublöðum í þremur tölumerktum reitum fyrir aðalkvittanir til gjaldenda.

9. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu við innheimtu afnotagjaldsins kvitta fyrir gjaldinu á eyðublaðshluta nr. III. og afhenda það gjaldanda. Eyðublaðshluta nr. II. sendir innheimtumaður til skrifstofu útvarpsins, ásamt skrá yfir gjaldendur og ásamt innheimtri upphæð, að frádreginni innheimtupóknun samkvæmt 11. gr. Eyðublaðshluta nr. I heldur innheimtumaður eftir í skjalasafni sínu.

10. gr.

Útvarpsnotandi, sem hefir í höndum bráðabirgðakvittun pósthúss eða póstaþgreiðslu eða aðalkvittun frá skrifstofu útvarpsins fyrir afnotagjaldinu, skal sýna slíka kvittun á manntalsþingi. Sýslumaður eða bæjarfógeti gerir þá athugasemd um það við nafn hans í gjaldendaskránni, eftir að hann hefir kynnt sér, að kvittunin gildi fyrir hið rétta gjaldár.

11. gr.

Póknun sýslumanna og bæjarfógeta fyrir innheimtu afnotagjaldanna ákveðst 5% af innheimtri upphæð. Dregst sú þóknun frá, er innheimtumaður gerir skil innheimtunnar samkvæmt 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. marz 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.